2010 ÁRSSKÝRSLA

SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐIN
Á VESTURLANDI

Ávarp formanns stjórnar ... 3
Inngangur ... 4
Framhaldsfræðsla á Íslandi - starfsumhverfi ... 5
Símenntunarmiðstöð Vesturlands – starfsemi árið 2010 ... 7
Stjórn og starfsfólk ... 7
Stjórn ... 7
Starfsfólk ... 8
Húsnæði ... 9
Akranes: ... 9
Borgarnes: ... 9
Dalabyggð: ... 9
Snæfellsbær: ... 9
Grundarfjörður: ... 9
Stykkishólmur: ... 10
Starfsemin í tölum ... 11
Starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar – tölfræði ... 15
Náms- og starfsráðgjöf ... 16
Náms- og starfsráðgjöf á Vesturlandi ... 16
Náms- og starfsráðgjöf - tölfræði ... 17
Nýtt af nálinni - þróunarverkefni ... 18
Átthaganám ... 18
Frumkvöðlasmiðjur ... 18
Færni í ferðaþjónustu – bóklegt nám og vinnustaðanám ... 19
Icelandic Sagas ... 19
Landnemaskólinn 2010 – talþjálfun ... 20
Landnemaskóli II – gerð námskrár ... 20
Önnur þróunarverkefni í málefnum innflytjenda ... 21
Náms- og starfsráðsgjöf fyrir innflytjendur ... 21
Raunfærnimat ... 21
Fjarnám ... 22
Starfsmenntaráð - styrkir ... 24
Samstarf ... 24
Bókasafnið á Akranesi ... 24
Fjölmennt – fullorðinsfræðsla fatlaðra ... 24
Framhaldsskólarnir á Vesturlandi ... 24
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ... 24
Fs-netið og menntabrú ... 25
IÐAN-fræðslusetur ... 25
Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva ... 25
Leikn – samtök fullorðinsfræðslu á Íslandi ... 25
Rauði kross Íslands –Akranesdeild ... 26
SSV-þróun og ráðgjöf ... 26
Stéttarfélögin á Vesturlandi ... 26
Vinnumarkaðsráð ... 26
Vinnumálastofnun á Vesturlandi ... 27
Lokaorð ... 28

Ávarp formanns stjórnar

Markmið Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands er, samkvæmt skipulagsskrá, að efla og styrkja íslenskt atvinnulíf og samfélag með endur- og símenntun sem taki mið af þörfum atvinnulífs og einstaklinga. Á tímum þrenginga í atvinnulífi hefur Símenntunarmiðstöðin rækt hlutverk sitt afar vel. Með farsælu samstarfi við Vinnumálastofnun á Vesturlandi hefur atvinnuleitendum staðið fjölbreytt fræðsla til boða vítt og breytt um Vesturland. Algengt er að um sé að ræða lengri námskeið sem metin eru til eininga. Þannig hefur tekist með sóma að virkja fólk til athafna og auka möguleika þess á árangri við leit að störfum við hæfi.

Símenntunarmiðstöð Vesturlands hefur á undanförnum árum aukið umsvif sín verulega. Rekstrartekjur jukust um 27% á milli áranna 2009 og 2010 og nemendastundum fjölgaði um 73%. Sóknarfærin eru enn fjölmörg og á undangengnu ári hefur verið að ýmsum þróunarverkefnum. Frumkvöðlasmiðja fyrir ungt fólk og innflytjendur, greining fræðsluþarfa hjá heilbrigðisstofnunum og þróun á fjarnámi á Norðurlöndunum um íslenska menningararfinn eru til marks um þá miklu grósku sem einkennir starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar.

Um leið og ég, fyrir hönd stjórnar, þakka fyrir samstarfið á undangengnu ári vil ég óska starfsfólki Símenntunarmiðstöðvarinnar til hamingju með árangursríkt starfsár og þann mikla vöxt sem getið hefur verið um.

Geirlaug Jóhannsdóttir

Inngangur

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi var stofnum árið 1999, þannig að stofnunin hefur starfað í 12 ár og starfsemin vaxið jafnt og þétt. Mikil breyting hefur orðið á starfsumhverfi símenntunarmiðstöðva á þessum tíma og þróunin verið hröð. Ákveðin kaflaskil urðu m.a. þann 1. október 2010 þegar að ný framhaldsfræðslulög tóku gildi.

Símenntunarmiðstöðin er sjálfseignarstofnun og er á fjárlögum ríkisins, en árlega er gerður formlegur samningur á milli Símenntunarmiðstöðvarinnar og mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Á árinu 2010 fékk Símenntunarmiðstöðin 21,2 milljónir á fjárframlögum, sem ætlað er í starfsmannahald, fjarkennslu á háskólastigi, vegna aðstöðu og annarra verkefna. Í þessum þjónustusamningi segir m.a.: „ Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi skal hafa á hverjum tíma upplýsingar um mismunandi tækifæri til náms, m.a. nám á öllum skólastigum sem boðið er með fjarkennslusniði og koma þeim upplýsingum á framfæri við íbúa á Vesturlandi. Skal leitast við að halda til haga heildaryfirliti yfir eftirspurn og framboð náms til íbúa svæðisins. Leggja skal sérstaka áherslu á samstarf við menntastofnanir á framhalds- og háskólastigi.“

Símenntunarmiðstöðin er einnig með samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, annars vegar vegna lengri og styttri námsleiðir, sem meta má til eininga í hinu formlega skólakerfi og hins vegar vegna náms- og starfsráðgjafar.
Sífellt fleiri nýta sér þau námstækifæri sem símenntunarmiðstöðvarnar bjóða upp og sýna tölur það glöggt. Mikill vöxtur hefur verið hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands síðustu ár og þá sérstaklega á árinu 2010.
Í þessarri skýrslu er farið yfir starfsemi stofnunarinnar árið 2010 í máli og myndum.

Framhaldsfræðsla á Íslandi - starfsumhverfi

Sérstaða Íslands í fullorðinsfræðslunni er nokkur, en ólíkt nágrannaþjóðum þá hafa samtök vinnuveitenda og launþega gengið fram fyrir skjöldu og lagt á það áherslu í gerð kjarasamninga að fjármunum sé veitt í símenntun þeirra sem eru með stutta formlega skólagöngu sem og þeirra sem lokið hafa iðn- og starfsnámi. Breytingar í atvinnulífinu og starfsumhverfi kalla á ný vinnubrögð, nýja hæfni og þekkingu. Starfsumhverfið verður sífellt fjölbreyttara og flóknara sem kallar á sveigjanleika starfsfólks sem og allra þeirra sem koma að þessum málaflokki.

Það urðu því ákveðin páttaskil þegar Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var stofnuð árið 2002, en með tilkomu hennar var farið að vinna að heildstæðara námsframboði og ráðgjöf fyrir vinnumarkaðinn.

Þann 1. október 2010 tóku framhaldsfræðslulög gildi sem marka einnig spor í sögu fullorðinsfræðslunnar.
Samkvæmt lögum ber okkur í fullorðinsfræðslunni m.a. að veita þeim einstaklingum á vinnumarkaði, sem eru með stutta formlega skólagöngu, viðeigandi námstækifæri og auðvelda þeim að hefja nám að nýju. Aðilar í fullorðinfræðslunni þurfa líka að mæta þörfum atvinnulífisins, veita einstaklingum sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku framhaldsfræðslu þar sem tekið er mið af ójafnri stöðu þeirra og hæfni, stuðla að því að nám utan formlega skólakerfisins sé metið að verðleikum og síðast en ekki síst að efla menntunarstig í landinu og íslenskt menntakerfi.

Samkvæmt nýrri menntastefnu ríkisstjórnarinnar er áhersla lögð á fimm grunnþætti, þ.e. læsi, lýðræði, jafnrétti, menntun til sjálfbærni og skapandi starf. Það er komið inn á alla þessa þætti í lögum um framhaldsfræðslu (nr. 27/2010) þar sem veita á einstaklingum með stutta formlega skólagöngu aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Þann 24. nóvember árið 2010 var undirrituð samstarfsyfirlýsing á milli mennta- og menningarmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Alþýðusambands Íslands (ASÍ), Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), Samtaka atvinnulífsins (SA) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þess efnis að efla samstarf þessarra aðila um að hækka menntunarstig íslensku þjóðarinnar til aukinnar virkni í atvinnulífi og samfélaginu í heild.

Í yfirlýsingunni felst m.a. að aðilar þessa samkomulags munu sameiginlega vinna markvisst að því að hlutfall fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar verði ekki hærra en 10% árið 2020, en í dag er hlutfallið um 30%.
Til að ná því markmiði verður framhaldsfræðsla efld, m.a. með því að tryggja að menntun og færni sem er metin innan framhaldsfræðslunnar verði viðurkennd

innan framhaldsskólans og þeir sem þess óska geti bætt við menntun sína án hindrana.

Frekari fróðleiksmola um framhaldsfræðslu á Íslandi má finna á eftirfarandi vefslóðum:

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins:
www.frae.is

Lög um framhaldsfræðslu 27/2010:
http://www.althingi.is/lagas/139a/2010027.html

Mennta- og menningarmálaráðuneytið:
www.menntamalaraduneyti.is
http://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/fullordinsfraedsla/

Símenntunarmiðstöð Vesturlands – starfsemi árið 2010

Stjórn og starfsfólk

Stjórn

Á aðalfundi símenntunarmiðstöðvarinnar 2010 tók Jón Eggert Bragason, fulltrúi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, sæti í stjórn í stað Skúlínu Hlífar Kjartansdóttur. Aðrar breytingar urðu ekki á skipan fulltrúa í stjórn. Starfsárið 2010-2011 skipa eftirfarandi fulltrúar stjórn Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands:

Stofnun/samtök	Aðalfulltrúi	Varafulltrúi
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Helena Valtýsdóttir	Atli Harðarson
Fyrirtæki/stofnanir	Guðjón Brjánsson	Róbert Jörgensen
Háskólinn á Bifröst	Geirlaug Jóhannsdóttir	Ingibjörg Guðmundsdóttir
Landbúnaðarháskóli Íslands	Guðrún Lárusdóttir	Guðríður Helgadóttir
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	Jón Eggert Bragason	Hrefna B. Jónsdóttir
Stéttarfélögin	Signý Jóhannesdóttir	Jórunn Guðsteinsdóttir

Formaður stjórnar er Geirlaug Jóhannsdóttir, fulltrúi Háskólans á Bifröst.
Stjórn símenntunarmiðstöðvar Vesturlands hélt 4 bókaða stjórnarfundi á árinu 2010.

Starfsfólk

Í lok árs 2010 voru 8 starfsmenn á launaskrá í 5,75 starfsgildum.

- **Björg Árnadóttir** er í 50% starfi, ráðin f.o.m. 1. febrúar í sérverkefnið Icelandic Sagas.
- **Erla S. Olgeirsdóttir** er í 75% stöðugildi sem verkefnsstjóri, en hún hefur m.a. umsjón með námskeiðum fyrir fatlaða og námskeiðum samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, ásamt kennslu.
- **Guðrún Vala Elísdóttir** er í 100% stöðugildi og gegnir stöðu náms- og starfsráðgjafa, auk þess að vera í öðrum tilfallandi verkefnum, s.s. að sinna málefnum innflytjenda, ásamt kennslu.
- **Heiðrún Halldórsdóttir** starfar við hreingerningar á Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi.
- **Hekla Gunnarsdóttir** er í 100% stöðugildi sem verkefnastjóri, en hún skipuleggur einkum námskeið fyrir atvinnuleitendur, auk þess sem hún sinnir kennslu.
- **Inga Dóra Halldórsdóttir** er í 100% stöðugildi, framkvæmdastjóri.
- **Kristín Björg Árnadóttir** var í 30% stöðugildi til 1. október, en frá þeim tíma var stöðugildið hækkað í 50%. Hún hefur umsjón með próftöku fjarnema og er tengiliður SMV við fjarnemendur, háskóla og framhaldsskóla. Auk þess sinnir hún tilfallandi verkefnum.
- **Svava Björg Svavarsdóttir** er skrifstofustjóri í 85% stöðugildi.

Mynd 1 Starfsfólk SMV í Vatnshelli á Snæfellsnesi

Húsnæði

Starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar hefur aukist jafnt og þétt, en bæði hefur starfsfólki fjölgað og fyrirkomulag kennslunnar breyst að því leyti að kennsla er í auknum mæli á dagtíma og vega þar þyngst námstækifæri fyrir atvinnuleitendur.

Akranes:

- Fjölbrautaskóli Vesturlands hefur, allt frá upphafi, lagt Símenntunarmiðstöðinni í té afnot af skrifstofu á neðri hæð skólans – endurgjaldslaust.
  Auk þess er SMV með þjónustusamning við skólann um afnot af kennslurými.
- Símenntunarmiðstöðin er með þjónustusamning við Akraneskaupstað um notkun á kennsluhúsnæði í Þorpinu að Þjóðbraut 13. Þetta húsnæði hefur verið mjög mikið notað á dagtíma.
- Símenntunarmiðstöðin er með þjónustusamning við Skátafélag Akraness um afnot á húsnæði félagsins að Háholti 24 til kennslu.
- Fjarnemar fá afnot af aðstöðu á bókasafni Akraness, að Dalbraut 1, bæði til að sækja fjarfundi og taka próf.
- Símenntunarmiðstöðin hefur verið í miklu og góðu samstarfi við Akranesdeild Rauða krossins og hafa m.a. verið haldin námskeið og fræðslufyrirlestrar í húsnæði Rauða krossins.

Borgarnes:

- Símenntunarmiðstöðin er með leigusamning við Fasteignir ríkisins, en hún leigir skrifstofu- og kennsluhúsnæði á Bjarnarbraut 8.
- SMV er með leigusamning við Héraðsdóm Vesturlands vegna herbergis á efri hæð á Bjarnarbraut 8, en það rými er nýtt fyrir fjarfundi og kennslu.

Dalabyggð:

- Símenntunarmiðstöðin er með leigusamning við Auðarskóla í Dalabyggð um afnot af kennsluhúsnæði.

Snæfellsbær:

- SMV er með leigusamning við Átthagastofu í Snæfellsbæ, annars vegar er leigð skrifstofuaðstaða fyrir starfmann Símenntunar og hins vegar er leigð aðstaða til kennslu.
- SMV er með leigusamning við Grunnskóla Snæfellsbæjar um afnot af húsnæði til kennslu.

Grundarfjörður:

- SMV er með leigusamning við Fjölbrautaskóla Snæfellinga um afnot af húsnæði til kennslu.

Stykkishólmur:

- SMV er með leigusamning við Grunnskólann í Stykkishólmi um afnot af húsnæði til kennslu.

Auk þess hefur Símenntunarmiðstöðin fengið afnot af húsnæði verkalýðsfélaga, félagasamtaka og fleiri á Vesturlandi og er öllum færðar þakkir fyrir það og mjög gott samstarf.

Starfsemin í tölum

Heildarfjöldi þátttakenda á námskeiðum árið 2010 var 1.350, 272 þátttakendum fleiri en á árinu 2009. Heildarfjöldi námskeiða á árinu var 114 á móti 99 námskeiðum árið 2009. Heildarfjöldi kennslustunda er 4.230 á móti 2.916 sem er aukning um 69% frá því árinu á undan. Fjöldi nemendastunda eykst einnig verulega á milli ára en á árinu 2010 var fjöldi nemendastunda 52.532 á móti 29.575. Þetta er aukning um 56%.
Meginskýringin á þessarri miklu aukningu, á milli ára, er mjög gott samstarf við Vinnumálastofnun, en atvinnuleitendur hafa markvisst verið boðaðir til þátttöku í ýmiss námstækifæri.
Fjöldi verktaka hjá Símenntun var 114 á árinu 2010.

Vinnumálastofnun

Staður	Námskeið	Fj. þátt	Fj. kest.	Fj. nem.st.
Akranes	Frumkvöðlasmiðja	16	75	1.200
Akranes	Frumkvöðlasmiðja	8	75	600
Akranes	Landnemaskólinn	18	120	2.160
Akranes	Sterkari starfsmaður	12	150	1.800
Akranes	Sterkari starfsmaður	14	150	2.100
Akranes	Skref til sjálfshjálpar	3	60	180
Akranes	Excel	12	27	324
Akranes	Word	10	27	270
Akranes	Word	8	27	216
Akranes	Excel framhalds	9	27	243
Akranes	Frumkvöðlasmiðjur I II III og IIII	51	70	3.570
Akranes	Grunnmenntaskólinn	11	300	3.300
Akranes	Klár í kreppu	9	9	81
Akranes	Suðunámskeið	11	18	198
Akranes	Suðunámskeið	13	18	234
Akranes	Excel	10	18	180
Akranes	Word	12	27	324
Akranes	Word	10	27	270
Akranes	Excel	10	27	270
Borgarnes	Frumkvöðlasmiðja	11	70	770
Borgarnes	Færni í ferðaþjónustu	18	60	1.080
Borgarnes	Grunnmenntaskólinn	13	300	3.900
Borgarnes	Íslenska fyrir atvinnulausa	17	60	1.020
Borgarnes	Íslenska fyrir atvinnulausa framhald	14	60	840
Borgarnes	Klár í kreppu	11	9	99
Borgarnes	Excel	9	18	162
Borgarnes	Excel	7	18	126
Borgarnes	Word	9	18	162
Borgarnes	Almennt tölvunámskeið	9	18	162
Borgarnes	Sterkari starfsmaður	13	150	1.950
Borgarnes	Word	5	27	135

Frh. námskeið fyrir Vinnumálastofnun

Grundafjörður	Frumkvöðlasmiðja	9	70	630
Grundafjörður	Almennt tölvunámskeið	5	18	90
Grundafjörður	Sterkari starfsmaður	11	150	1.650
Grundafjörður	Sterkari starfsmaður	6	150	900
Búðardalur	Word	3	27	81
Stykkishólmur	Tölvunámskeið word	13	16	208
Stykkishólmur	Tölvunámskeið word	7	18	126
Samtals		**437**	**2.509**	**31.611**



Námskeið í boði Símenntunar árin 2009 og 2010

Námskeið í boði Símenntunar 2010				
Heildarfjöldi	Námskeið	Fj. þátt	Fj. kest.	Fj. nem.st.
Akranes	Fyrirlestur um viðhorf	5	3	15
Borgarnes	Konur eru konum bestar	32	2	64
Borgarnes	Prófkvíði	6	3	18
Búðardalur		0	0	0
Grundarfjörður	Jákvætt viðhorf	25	3	75
Grundarfjörður	Hollt og gott	10	3	30
Grundarfjörður	Prófkvíði	5	3	15
Snæfellsbær		0	0	0
Stykkishólmur	Konur eru konum bestar	22	2	44
Samtals		**105**	**19**	**261**

Námskeið í boði Símenntunar 2009				
Heildarfjöldi	Námskeið	Fj. þátt	Fj. kest.	Fj. nem.st.
Akranes	Klár í kreppu	30	8	240
Akranes	Hagræðing í heimilisbókhaldi	45	3	135
Akranes	Gerð færnimöppu	5	3	15
Akranes	Konur geta breytt heiminum	6	2	12
Borgarnes	Klár í kreppu	14	4	56
Borgarnes	Gerð færnimöppu	20	3	60
Borgarnes	Hagræðing í heimilisbókhaldi	37	3	111
Borgarnes	Skyndihjálp í efnahagsumræðunni	9	2	18
Búðardalur	Hagræðing í heimilisbókhaldi	11	3	33
Búðardalur	Konur geta breytt heiminum	13	2	26
Grundarfjörður	Hagræðing í heimilisbókhaldi	12	3	36
Grundarfjörður	Gerð færnimöppu	3	3	9
Snæfellsbær	Skyndihjálp í efnahagsumræðunni	6	2	12
Stykkishólmur	Konur eru konum bestar	22	2	44
Samtals		**233**	**43**	**807**

Starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar – tölfræði







Náms- og starfsráðgjöf

Einstaklingarnir eru með mismunandi þarfir, óskir og væntingar til náms og vinnu og einmitt þess vegna þarf nálgunin að vera í takt við ólíkar þarfir. Í fullorðinsfræðslunni er lögð mikil áhersla á að vera í góðum tengslum við atvinnulífið, greina menntunarþörfina og gera símenntunaráætlanir. Umfram allt er þó mikilvægt að koma til móts við hvern og einn.
Síðustu ár hefur náms- og starfsráðgjöfum farið fjölgandi innan fullorðinsfræðslunnar, enda þörfin mikil. Verkefnið sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hratt af stað árið 2007 "Þitt val – þín leið" hefur vakið mikla athygli langt út fyrir landssteinana. Með náms- og starfsráðgjöf á vinnustað höfum við í fullorðinsfræðslunni eflt tengslin til muna við atvinnulífið, en það sem skiptir ekki síður máli er að og náms- og starfsráðgjafar í fullorðinsfræðslunni innan framhaldsskólanna og jafnvel háskólanna myndi með sér öflugt samstarfsnet. Með því móti verður persónulegri nálgun og alla jafna betri nýting á opinberu fjármagni.

Náms- og starfsráðgjöf á Vesturlandi

Á árinu 2010 voru vinnustaðaheimsóknir færri en á árunum á undan. Ástæðan er fyrst og fremst sú að ráðþegar leita í auknum mæli sjálfir eftir þjónustunni og fleiri tilvísunaraðilar beina fólki í viðtöl, s.s. Vinnumálastofnun, Virk-starfsendurhæfingarsjóður, Rauði krossinn og Endurhæfingarhúsið Hver.
Einn hópur ráðþega fer sífellt stækkandi en það eru einstaklingar sem vísað er til okkar í gegnum VIRK.
Ennfremur var þjónustan kynnt á Skagastöðum (sem er virkniátak fyrir ungt fólk í atvinnuleit) bæði formlega og óformlega.
Þeir stjórnendur vinnustaða sem haft var samband við tóku, á heildina litið, ágætlega í verkefnið. Í auknum mæli var námsráðgjöfin kynnt í námsleiðunum, til að ná til markhópsins. Almennt gekk vel að ná til ráðþega, en þjónustan er orðin kunn og margir hafa samband að eigin frumkvæði og koma jafnvel oftar en einu sinni. Vegna atvinnuleysis eru margir í þeirri stöðu að þurfa að velta fyrir sér starfsferli, atvinnuumsóknum, starfsþróun og/eða námi.
Náms- og starfsráðgjöf við innflytjendur fer vaxandi. Slík ráðgjöf getur varpað ljósi á fleiri tækifæri og möguleika fólks í atvinnuleit og ýtt undir nýtingu mannauðs. Þeir eru gjarnan í þeim sporum að sækja sér starfsréttindi, láta meta gögnin sín frá heimalandinu og /eða í námi hérlendis. Þeir vita af ráðgjöfinni í gegnum námskeið og láta berast til annarra. Ennfremur er ráðgjöfin kynnt á Þjóðahátíðinni á Akranesi í nóvember ár hvert.

Náms- og starfsráðgjöf árin 2008-2010 - tölfræði

KYN	2008		2009		2010	
Karl	60	34%	120	36%	411	51%
Kona	114	66%	210	64%	399	49%
Samtals	**174**	**100%**	**330**	**100%**	**810**	**100%**

ALDURSBIL	2008		2009		2010	
0 - 25 ára	32	18%	34	10%	169	21%
26 - 40 ára	79	45%	117	35%	309	38%
41 - 55 ára	58	33%	125	38%	198	24%
56 og eldri	5	3%	54	16%	134	17%
Samtals	**174**	**100%**	**330**	**100%**	**810**	**100%**

SKÓLASTIG	2008		2009		2010	
Grunnskóli	46	26%	212	64%	398	49%
Framhaldsskóli (hóf nám en lauk ekki)	36	21%	34	10%	127	16%
Iðn- eða starfsmenntun	28	16%	48	15%	171	21%
Stúdentspróf	6	3%	7	2%	32	4%
Háskólapróf	57	33%	24	7%	36	4%
(blank)	1	1%	5	2%	46	6%
Samtals	**174**	**100%**	**330**	**100%**	**810**	**100%**

STÉTTARFÉLAG	2008		2009		2010	
ASÍ	80	46%	196	59%	472	58%
BSRB	21	12%	10	3%	42	5%
Annað/óþekkt	72	41%	110	33%	243	30%
(blank)	1	1%	14	4%	53	7%
Samtals	**174**	**100%**	**330**	**100%**	**810**	**100%**

ALDURSBIL	2008		2009		2010	
Í starfi	119	68%	130	39%	84	10%
Atvinnuleitandi	42	24%	80	24%	374	46%
VMST	0	0%	70	21%	208	26%
Annað	13	7%	50	15%	144	18%
Samtals	**174**	**100%**	**330**	**100%**	**810**	**100%**

KYN	2008		2009		2010	
Íslendingar	80	46%	275	83%	744	92%
Útlendingar	94	54%	55	17%	66	8%
Samtals	**174**	**100%**	**330**	**100%**	**810**	**100%**

Nýtt af nálinni - þróunarverkefni

Átthaganám

Símenntunarmiðstöðin fékk styrk frá Vinnumarkaðsráði árið 2009 í svokallað átthaganám á Snæfellsnesi, en samstarfaðili var SSV-þróun og ráðgjöf.
Markmiðið með náminu er að upplýsa þátttakendur um einkenni og sérstöðu heimahaganna á Snæfellsnesi, þar sem áhersla er lögð á byggðina, náttúrufar, sögu og menningu svæðisins.
Námið fór fram á tímabilinu 26. janúar til 23. mars 2010 og í lokin fóru þátttakendur í vettvangsferð um Snæfellsnes.
Fjöldi þátttakenda var 20, 14 konur og 6 karlar. Meðalaldur var 49,1 ár, sá yngsti var 26 ára og elsti 77 ára.
Umsjón með verkefninu hafði Margrét Björk Björnsdóttir atvinnuráðgjafi hjá SSV-þróun og ráðgjöf.

Frumkvöðlasmiðjur

Á haustmánuðum 2009 var hafinn undirbúningur að frumkvöðlasmiðjur fyrir atvinnuleitendur og þá einkum ungt fólk. Frumkvöðlasmiðjurnar ganga út á að laða fram styrkleika hvers og eins. Í frumkvöðlasmiðju er fyrst leitað að áhugaverðum viðskiptahugmyndum. Oftast vinna 2-4 í hópum með eina hugmynd. Markmið frumkvöðlasmiðjunnar er ekki, að þátttakendur stofni eigið fyrirtæki, en vissulega getur þátttaka í svona smiðju leitt til þess að einhverjir ákveði að spreyta sig á sviði viðskipta.
Námskeið sem þessi hafa nýst mörgum til þess að laða fram og virkja sköpunarkraftinn og kostur er að vinna í hópi einstaklinga sem eru sífellt að fá hugmyndir, ræða hugmyndir og hrinda hugmyndum í framkvæmd.
Í frumkvöðlasmiðjunni er m.a. farið í starf frumkvöðla og hugmyndaleit, stefnumótun og markmiðasetningu, vöruþróun, markaðsrannsóknir og markaðsfærslu, fjármál, stjórnun og rekstur, gerð viðskiptaáætlana, kynningar- og sölutækni.
Á árinu 2010 voru haldnar átta frumkvöðlasmiðjur, 6 á Akranesi, 1 í Borgarnesi og 1 á Snæfellsnesi.
Umsjón með frumkvöðlasmiðjunum hafði G. Ágúst Pétursson.

Færni í ferðaþjónustu – bóklegt nám og vinnustaðanám

Vorið 2010 var haldið, í Borgarnesi, námskeiðið Færni í ferðaþjónustu, sem er 60 kennslustunda nám samkvæmt námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og var haldið í samvinnu við Vinnumálastofnun.
Auk þess fóru þátttakendur í 80 vinnustunda starfsþjálfun hjá fyrirtækjum og stofnunum í Borgarbyggð og á Snæfellsnesi. Það voru 16 þátttakendur sem luku námskeiðinu, auk þess fóru þátttakendur í 80 vinnustunda starfsþjálfun og sumir hverjir fengu áframhaldandi starf í kjölfarið á vinnustaðanáminu. Í tengslum við námskeiðið var leitað til margra fyrirtækja og tóku flest vel í það að taka til sín starfsnema.
Fyrirtækin sem tóku þátt í þessu verkefni voru: Hótel Hamar, hestaleigan á Ölvaldsstöðum, Íþróttamiðstöðin í Borgarnesi, Shell-skálinn í Borgarnesi, Hótel Ólafsvík, Snjófell, leikskólinn Ugluklettur, Hótel Eldborg, Ensku húsin, N1 –Hyrnan, Farfuglaheimilið í Borgarnesi, Brúðuheimar og Geirabakarí.

Icelandic Sagas

Undanfarin misseri hefur verið unnið að þróunarverkefni sem snýr að því að kenna Íslendingasögurnar á netinu.
Staða verkefnisstjóra var auglýst í lok árs 2009 og var Björg Árnadóttir ráðin frá og með 1. febrúar 2010.

Verkefnisstjóri hefur m.a. unnið að því að leita lausna við gerð námskeiða og vinna að vef, í samstarfi við Nepal hugbúnað, þar sem hægt er að finna allar upplýsingar um námskeiðin sem í boði eru hverju sinni. Auk þessa verður alls kyns fróðleikur um Íslendingasögurnar aðgengilegur á þessum vef.

Í upphafi var ákveðið að fyrsta námskeið verkefnisins fjallaði um líf og skrif Snorra Sturlusonar og framleiða þætti með myndefni, en ekki að taka einungis upp fyrirlestra með kennara í kennslustofu. Leitað eftir samstarfi við Gísla Einarsson sjónvarpsmann á Vesturlandi sem tók að sér að taka upp og framleiða þættina. Eftirtaldir fræðimenn komu fram í þáttunum: Gísli Sigurðsson rannsóknarprófessor við Stofnun Árna Magnússonar, Jon Gunnar Jörgensen prófessor við Oslóarháskóla og séra Geir Waage sóknarprestur í Reykholti. Fyrirlestrarnir voru teknir upp á haustönn í Reykjavík, Reykholti, Osló og Stafangri. Styrkir til Noregsferðar fengust frá sjóðnum "Þjóðhátíðargjöf Norðmanna" og frá Elkem á Íslandi. Í Noregsferð fóru, ásamt verkefnisstjóra, Geir Waage, sem hélt fyrirlestra á Víkingaskipasafninu í Osló og á Arkeologisk Museum í Stafangri og Gísli Einarsson sem tók upp fyrirlestra Geirs og meira efni tengdu verkefninu.
Tilraunanámskeið verður kennt á vorönn 2011.

Vefur verkefnisins er www.icelandicsagas.is

Landnemaskólinn 2010 – talþjálfun

Námskeiðið „Landnemaskólinn“ var samvinnuverkefni Vinnumálastofnunar og Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi sem virkniúrræði fyrir atvinnuleitendur. Þetta er 120 kennslustunda námskeið byggt á námsskrá FA, þar sem námsefnið er íslenska, samfélagsfræði, tölvufærni og lífsleikni. Sú nýjung var tekin upp til viðbótar náminu, að allir nemendur áttu þess kost að fara í „talþjálfun“ á vettvangi einu sinni i viku. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem þetta er framkvæmt á Íslandi, í tengslum við Landnemaskólann, en fyrirmyndin er frá Noregi. Símenntunarmiðstöðin samdi við nokkur fyrirtæki og stofnanir á Akranesi um að einstaklingar gætu komið á vinnustaði og þjálfast í að tala íslensku. Markmiðið með þessu var að gera nemendum kleift að þjálfa talað mál á vettvangi, en margir hverjir hafa einangrast frá íslenskum vinnumarkaði og samfélagi og eiga þess ekki kost að tala við Íslendinga dags daglega. Ennfremur var markmiðið að byggja upp tengsl og leyfa fólki að spreyta sig í nýjum aðstæðum. Hver nemandi mætti alls í 9 skipti á ákveðinn vinnustað og tókst vel í flestum tilfellum. Símenntunarmiðstöðin vill koma á framfæri þakklæti til þeirra vinnustaða og einstaklinga sem tóku þátt í verkefninu og gerðu þetta mögulegt.

Landnemaskóli II – gerð námskrár

Landnemaskóli II var hannaður á vegum Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi árið 2010 og er námskráin sett fram af Guðrúnu Völu Elísdóttur náms- og starfsráðgjafa. Þessi námskrá er sjálfstætt framhald af námskránni „Landnemaskóli“ sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gaf út árið 2002, en sú námskrá hefur verið kennd á vegum fræðslumiðstöðva um allt land. Landnemaskóli II er ætlaður fullorðnu fólki af erlendum uppruna og sú námskrá sem brátt lítur dagsins ljós er viðleitni til þess að auka námsframboð, stuðla að umbótum í námi og bæta þjónustu við þennan nemendahóp.
Tilgangurinn með þessu námi er að bjóða upp á hagnýtt nám til að auðvelda innflytjendum samfélagsþátttöku á Íslandi. Við gerð námskrárinnar var tekið mið af þörfum og óskum innflytjenda um viðeigandi nám, en leitað var eftir áliti fjölmargra innflytjenda á Vesturlandi. Ennfremur er byggt á þróunarstarfi og reynslu undanfarinna ára, við gerð námskeiða, framkvæmd kennslu og mats á námi fyrir innflytjendur (sbr. íslenskukennsla, Efling erlendra kvenna, Samfélagstúlkun, Lestur og ritun á íslensku, auk náms- og starfsráðgjafar fyrir fólk af erlendum uppruna)
Námskráin var tilraunakennd hjá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi vorið 2010 og hópur 10 nemenda ásamt 6 leiðbeinendum byggði við grunninn og kom með gagnlegar ábendingar.

Önnur þróunarverkefni í málefnum innflytjenda

Ýmis námskeið og verkefni hafa verið gerð og haldin fyrir innflytjendur s.s. „Efling erlendra kvenna“, „Lestur og ritun á íslensku“ og „Samfélagstúlkanámskeið“. Þessi námskeið eru ætluð til að efla og styrkja nýa íbúa sem einstaklinga til þátttöku í íslensku samfélagi. Jafnframt hafa verið haldin námskeiðin „Að vinna með innflytjendum“ fyrir Íslendinga sem og „Fjölmenning og fylgifiskar“ á vegum Símenntunarmiðstöðvarinnar, en það síðarnefnda er hluti af verkefninu „Brjótum múra“ sem Símenntunarmiðstöðin er aðili að. Þessi námskeið hafa það að markmiði að fræða og upplýsa Íslendinga um stöðu og málefni innflytjenda, fjalla um fjölmenningu og fylgifiska hennar. Áherslan er á gagnkvæma aðlögun og fordómaleysi haft að leiðarljósi.

Náms- og starfsráðsgjöf fyrir innflytjendur

Náms- og starfsráðgjöf fyrir innflytjendur hefur staðið til boða en nú er markvisst átak í tengslum við verkefnið „Brjótum múra“ til að kynna innflytjendum ráðgjöfina. Það hefur sýnt sig að náms- og starfsráðgjöf fyrir innflytjendur getur verið afar gagnleg t.d. til að vekja áhuga á mikilvægi íslenskukunnáttu, aðstoða við náms- og starfsval í samræmi við reynslu, getu, áhuga og menntun, taka áhugasviðskönnun, kenna fólki að gera ferilskrá á íslensku, aðstoða við starfsleit, aðstoða við að fá menntun og starfsréttindi viðurkennd hérlendis, svo fátt eitt sé nefnt.

Raunfærnimat

Á síðustu misserum hefur verið töluverð umræða um tækni- og verkmenntun og að skortur sé á fólki með þessa menntun. Raunfærnimat í iðngreinum hefur verið í boði um allt land og það hefur sýnt sig að töluverður fjöldi fólks hefur nýtt sér þetta tækifæri til að fá sína raunfærni í viðkomandi fagi metna

Á haustdögum 2009 var farið að leggja drög að raunfærnimati í húsamíði og vélvirkjun á Vesturlandi í samstarfi við Fjölbrautaskóla Vesturlands og IÐUNA fræðslusetur. Kynningar voru haldnar víða um Vesturland, farið í vinnustaðaheimsóknir og haldnir opnir kynningarfundir. Töluverður áhugi var á þessu verkefni og endanum voru það 7 einstaklingar í húsasmíði og 8 einstaklingar í vélvirkjun sem luku raunfærnimati í viðkomandi greinum í við Fjölbrautaskóla Vesturlands. Auk þess voru 3 í pípulögnum, 2 í bifvélavirkjun, 1 í málaraiðn og 1 í bílamálun sem luku raunfærnimati hjá IÐUNNI-fræðslusetri.

Í heildina voru það 22 aðilar sem luku raunfærnimati, 14 þeirra eru búsettir á Snæfellsnesi, 3 í Búðardal, 3 í Borgarfirði og 2 á Akranesi.
Meðalaldur þátttakenda, sem allir eru karlmenn, er 40,32 ár. Sá yngsti er 28 ára og sá elsti 61 árs.

Fjarnám

Sveitarfélögin á Vesturlandi eiga og reka fjarfundabúnað víða um Vesturlands. Þeir staðir sem tengdir eru við hið svokallaða FS net er bókasafnið á Akranesi, Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi (kennslustofa á efri hæð), Auðarskóli í Búðardal, Egilshús í Stykkishólmi og Grunnskóli Snæfellsbæjar (Ólafsvík). Auk þess sækja nemendur í Grundarfirði fyrirlestra í gegnum fjarfundabúnað í Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Íbúar á Vesturlandi, sem eru í fjarnámi við íslenska háskóla, gefst kostur á að taka prófin á Vesturlandi. Próftaka fer að mestu fram á eftirtöldum stöðum:

- Bókasafnið á Akranesi
- Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi
- Húsnæði Símenntunar í Borgarnesi
- Átthagastofa Snæfellsbæjar í Ólafsvík
- Fjölbrautaskóli Snæfellinga
- Grunnskólinn í Stykkishólmi
- Stjórnsýsluhús Dalabyggðar

Töluverð aukning hefur orðið á fjölda fjarprófa á Vesturlandi og skýrist það að hluta til af fjölda hjúkrunarfræðinema frá Háskólanum á Akureyri. Í lok árs 2010 voru 18 konur í hjúkrun og 2 í iðjuþjálfun frá HA. En sá hópur nýtir aðstöðuna á Bókasafninu á Akranesi og tók síðan próf í Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Aðeins færri próf voru tekin í Fjölbrautaskóla Snæfellinga en undanfarin ár og skýrist það af því að fleiri eru farnir að taka prófin sín í Átthagastofu Snæfellsbæjar í Ólafsvík.


Fjöldi prófa í fjarnámi á Vesturland
200
180
160
140
120
100
80
60
40
20
0
Fjöldi prófa
2009
2010
Akranes
Borgarnes
Búðardalur
Grundarfjörður
Snæfellsbær
Stykkishólmur
Vesturland


Frá hvaða skólum er verið að taka próf?
37%
28%
25%
2%
7%
1%
HA
HI
BIFRÖST
LBHI
KEILIR
AÐRIR SKÓLAR

Starfsmenntaráð - styrkir

Starfsmenntaráð úthlutar árlega styrkjum úr starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins sbr. lögum nr. 19/1992 um starfsmenntun í atvinnulífinu.
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi fékk styrk upp á kr. 1.088.000 í frumkvöðlasmiðjur fyrir innflytjendur, en samstarfsaðilar eru Vinnumálastofnun á Vesturlandi, SSV-þróun og ráðgjöf og G. Ágúst Pétursson.

Samstarf

Bókasafnið á Akranesi

Starfsfólk bókasafnsins á Akranesi hefur verið ötult við að aðstoða Símenntunarmiðstöðina við að þjónusta fjarnema. Haustið 2010 fór af stað hópur í fjarnámi í hjúkrunarfræði frá Háskólanum á Akureyri og hafa nemendur bæði sótt fjarfundi á Svöfusal í bókasafninu og nemendur tekið þar próf.

Fjölmennt – fullorðinsfræðsla fatlaðra

Símenntunarmiðstöðin er með samning við Fjölmennt – fullorðinsfræðslu fatlaðra, en hann byggir m.a. á að leitast er við að skapa fötluðu fólki á starfssvæði Símenntunarmiðstöðvar aðstöðu til sí- og endurmenntunar til að uppfylla þarfir þess og væntingar til náms.
Nánari upplýsingar um starfsemi Fjölmenntar: www.fjolmennt.is

Framhaldsskólarnir á Vesturlandi

Símenntunarmiðstöðin hefur verið í mjög góðu samstarfi við framhaldsskólana á Vesturlandi og markvisst verið að byggja brú á milli hins formlega og óformlega skólakerfis og þannig verið að greiða götur nemenda.
Á meðal verkefna má nefna:

- Samvinnu náms- og starfsráðgjafa hjá SMV og framhaldsskólunum
- Viðurkenning framhaldsskólanna á námi hjá Símenntun til eininga í formlega skólakerfinu
- Aðgengi að húsnæði framhaldsskólanna
- Samvinna við prófaumsýslu vegna fjarnema í háskólanámi

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Símenntunarmiðstöðin er með, ásamt hinum fræðslumiðstöðvunum á landsbyggðinni, samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vinnur með fræðslumiðstöðvunum að framkvæmd námstilboða fyrir fólk á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu. Fræðslumiðstöðin vinnur

einnig að gerð námskráa og gæðamats námskeiða í samvinnu við fræðslumiðstöðvarnar.

Nánari upplýsingar um starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins: www.frae.is

Fs-netið og menntabrú

Símenntunarmiðstöðin á aðild að FS-netinu, sem er háhraða gagnaflutningsnet sem þjónar framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni. Símenntunarmiðstöðin er eignaraðili að menntabrúnni, ásamt öðrum fræðslu og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni, Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Hver þessarra þriggja aðila á 1/3 hlut af brúnni. Miðstöð brúarinnar er staðsett í Háskóla Íslands.
Fulltrúi Kvasis í stjórn er Jóhann Ingólfsson, en auk hans sitja í stjórn Sigurbjörg Jóhannesdóttir, formaður og fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Ágúst Valgeirsson, Kvennaskólanum, fulltrúi tæknimanna,
Sæþór Jónsson, Háskóla Íslands, fulltrúi RH-nets og
Kristinn Þorsteinsson, Fjölbrautaskólanum Garðabæ, fulltrúi skólastjórnenda.
Nánari upplýsingar um FS-netið: www.fsnet.is

IÐAN-fræðslusetur

Símenntunarmiðstöðin gerði samning við IÐUNA-fræðslusetur um raunfærnimat í húsasmíði og vélvirkjun og var þetta mat framkvæmt árið 2010.
Nánari upplýsingar um starfsemi IÐUNNAR: www.idan.is

Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva

Kvasir er sameiginlegur vettvangur og hagsmunasamtök símenntunarmiðstöðva 10 símenntunarmiðstöðva á landinu.
Miðstöðvarnar skiptast á að eiga fulltrúa í stjórn til tveggja ára í senn.
Inga Dóra Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands var kjörinn formaður stjórnar Kvasis starfstímabilið 2009-2010.
Kvasir heldur tvo fundi á ári, á haust- og vordögum, auk félagsfunda eftir þörfum.

Nánari upplýsingar um starfsemi Kvasis: www.fraedslumidstodvar.is

Leikn – samtök fullorðinsfræðslu á Íslandi

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi á aðild að Leikn, en þessi samtök eru sameiginlegur vettvangur aðila í fullorðinsfræðslu á Íslandi og málsvari þeirra gagnvart stjórnvöldum. Markmiðið með samtökunum er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi og að stuðla að virkri umræðu um sí- og endurmenntun, auka upplýsingamiðlun, samskipti og samstarf á milli fullorðinsfræðsluaðila og stjórnvalda annars vegar og efla erlend samskipti á sviði fullorðinsfræðslu hins vegar.

Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri Símenntunarmiðstöðvarinnar var kosin formaður stjórnar Leiknar á aðalfundi samtakanna 2010.

Nánari upplýsingar um starfsemi Leiknar: www.leikn.is

Rauði kross Íslands –Akranesdeild

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi (SMV) og Rauði kross Íslands Akranesdeild hafa um árabil átt í góðu samstarfi. SMV hefur haft aðgang að húsnæði hjá Rauða krossinum bæði í núverandi húsnæði og því fyrra. Þessi aðgangur hefur veitt tækifæri til að halda námskeið og sinna ráðgjöf bæði við innflytjendur og aðra skjólstæðinga. Starfsmenn Rauða krossins hafa kennt í „Landnemaskólanum“ og tekið á móti nemendum úr Landnemaskólanum í talþjálfun. Þegar íslenskunámskeið hafa verið í boði á Akranesi, á vegum SMV, hefur starfsfólk Rauða krossins komið áleiðis upplýsingum um fyrirhuguð íslenskunámskeið til innflytjenda. SMV er þátttakandi í verkefninu „Brjótum múra” en markmið þess er að efla samvinnu og skapa ákveðinn ramma um innflytjendamálin sem að gagni koma í fjölmenningarsamfélaginu. Margskonar hugmyndir og framkvæmdir hafa orðið til í kjölfarið á samstarfinu. Það hefur verið ómetanlegt fyrir SMV að hafa aðgang að Rauða kross deildinni á Akranesi.

SSV-þróun og ráðgjöf

Símenntunarmiðstöðin vinnur að þróun ýmissa verkefni með ýmsum samstarfsaðilum. SSV-þróun og ráðgjöf hefur m.a. komið að samstarfi vegna átthaganáms og frumkvöðlasmiðja.

Stéttarfélögin á Vesturlandi

Stéttarfélögin hafa verið ötul við að aðstoða Símenntunarmiðstöðina við að koma starfsemi stofnunarinnar á framfæri við sína félagsmenn. Einnig hefur Símenntunarmiðstöðin fengið afnot af húsnæði félaganna fyrir námskeið og aðstöðu fyrir náms- og starfsráðgjafa.

Vinnumarkaðsráð

Vinnumarkaðsráð var sett á laggirnar í september 2007 og starfar það samkvæmt 6. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006.
Í hvert vinnumarkaðsráð eru 2 tilnefndir af samtökum launafólks, 2 af samtökum atvinnurekenda, 1 tilnefndur af sveitarfélögum.
Á árinu 2010 voru haldnir tveir fundir.

Eftirtaldir skipa vinnumarkaðsráð:

Bjarki Þorsteinsson, tiln. af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, formaður
Vilhjálmur Birgisson, tiln. af Alþýðusambandi Íslands
Valdimar Þorvaldsson, tiln. af Bandalagi ríkis og bæja
Guðjón Brjánsson, tiln. af heilbrigðisráðuneyti
Inga Dóra Halldórsdóttir, tiln. af menntamálaráðuneyti, varaformaður
Guðmundur Smári Guðmundsson, tiln. af Samtökum atvinnulífsins
Pétur Geirsson, tiln. af Samtökum atvinnulífsins

Vinnumálastofnun á Vesturlandi

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi og Vinnumálastofnun eru í mjög miklu samstarfi m.a. með námskeiðahaldi, náms- og starfsráðgjöf og í samvinnu við þróun verkefna fyrir atvinnuleitendur.
Á árinu 2010 voru haldin 38 námskeið fyrir atvinnuleitendur og þátttakendur voru 437, en sumir hverjir fóru á fleiri en eitt námskeið.
Auk námskeiða eru atvinnuleitendur boðaðir í viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa og voru alls 530 viðtöl.
Björn Hafberg, náms- og starfsráðgjafi var ráðinn verktaki hjá Símenntunarmiðstöðin og hélt utan um þetta verkefni.

Nánari upplýsingar um starfsemi Vinnumálastofnunar: www.vmst.is

Lokaorð

Stofnun eins og Símenntunarmiðstöðin er búin að margsanna gildi sitt í annars fjölbreyttri menntaflóru landsins og það sýna tölur svo ekki verður um villst.
Það er mikilvægt að horfa til þess að hafa námstækifærin fjölbreytt sem og þjónustuna til að ná til fólksins í landshlutanum og á landinu öllu til að mæta þörfum hvers og eins.
Kerfið innan fullorðinsfræðslunnar er þannig uppbyggt að auðvelt er að bregðast skjótt við ef aðstæður breytast í þjóðfélaginu og það hefur sýnt sig síðustu misseri, m.t.t. aukins atvinnuleysis og þjónustu fullorðinsfræðslustofnana við atvinnuleitendur.

Það sést glöggt að aukning er á allri starfsemi símenntunarmiðstöðvarinnar, hvort sem er horft á fjölda nemenda, námskeiða, nemendastundafjölda, ráðþega eða fjarnema sem nýta sér þjónustu stofnunarinnar.

Símenntunarmiðstöðin er þjónustustofnun sem á að mæta menntunarþörf margra ólíkra einstaklinga sem og fyrirtækja og stofnana.
Þannig á það að vera og metnaður starfsfólks og stjórnar er sá að íbúar nýti sér þessa þjónustu ennfrekar og taki þátt í að móta starfsemina til framtíðar.